

Samningur

mennta- og menningarmálaráðuneytis við Akureyrarbæ

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneyti, og Akureyrarbær, kt. 410169-6229, gera með sér svofelldan samning.

1. Markmið, verkefni og starfsemi

1.1. Meginmarkmið með samningi þessum er að:

- Efla hlutverk Akureyrar í lista- og menningarlífi á Íslandi.
- Megintilgangur sammingsins er að ríki og bær styðji sameiginlega atvinnustofnanir á sviði leiklistar, myndlistar og tónlistar á Akureyri með það að markmiði að styrkja þá innviði sem felast í öflugu menningarstarfi í hverju samfélagi.
- Með stuðningi ríkisins við atvinnustofnanir á sviði leiklistar, myndlistar og tónlistar er Akureyri efld sem þungamiðja öflugs menningarstarfs utan höfuðborgarsvæðisins og atvinnumennsku á sviði lista.
- Styrkja þá innviði sem felast í öflugu menningarstarfi og fjölbreyttum menningarkostum fyrir íbúa og listafólk, leggja ríki og bær sín lód á þær vogarskálar að efla búsetukosti á Norður- og Austurlandi.
- Tryggja framgang stefnu málefnasviðs 18 innan lista og safnamála.

1.2. Samningurinn beinist að eftirtöldum meginverkefnum:

- a) Starfsemi atvinnuleikhúss undir merkjum Leikfélags Akureyrar (LA).
 - i. Hlutverk LA er m.a. að skapa metnaðarfulla dagskrá sem hefur nýsköpun að leiðarljósi en jafnframt að færa sígild skáldverk nær áhorfendum og skapa þannig ný samfélagsleg verðmæti. LA tekur þátt í samstarfsverkefnum sem auka fjölbreytni, dýpka skilning og auðga menningarlæsi. Sérstök áhersla er á að rækta hæfileika ungs listafólks í sviðslistum.
 - ii. Sviðsetja að lágmarki 2 - 3 leikverk á hverju leikári, annað hvort sem eigin framleiðslu eða í samstarfi við aðrar sviðslistastofnanir.
- b) Starfsemi sinfóníuhljómsveitar undir merkjum Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands (SN).
 - i. Meginhlutverk SN er að kynna með tónleikahaldi sinfóníska tónlist fyrir íbúum Akureyrar og á Norðurlandi og gefa menntuðu tónlistarfólki tækifæri til að taka þátt í metnaðarfullum tónleikaverkefnum og hafa þannig atvinnu af menntun og kunnáttu sinni.
 - ii. Miðað skal við að tónleikar SN verði ekki færri en fimm á hverju starfsári, og er þá bæði átt við sígilda sinfóníutónleika og tónleika þar sem öðrum tónlistarstefnum er gert hátt undir höfði á sinfónískan hátt.
 - iii. Mikilvægt verkefni er að byggja upp og viðhalda áheyrendahópi með það að markmiði að auka fjölbreytni, dýpka sinfóníska tónleikaupplifun og auðga menningarlæsi áheyrenda á öllum aldri.
 - iv. Styðja við Sinfóníuhljómsveit Norðurlands vegna verkefnisins SinfoniaNord.
- c) Efla Menningarhúsið Hof sem vettvang sviðslista og tónlistar.
 - i. Menningarhúsið Hof sé fyrirmyndar vettvangur fyrir listviðburði af landinu öllu, aðlaðandi fyrir framleiðendur listviðburða og listafólk auk þess að vera áningarstaður innlendra og erlendra gesta. Hlúa að grasrótastarfi í skapandi

- greinum með því að skapa vettvang fyrir ungt listafólk til að spreyta sig á opinberum vettvangi.
- ii. Vinna að öflugum samstarfi við aðrar menningarstofnanir og taka virkan þátt í stærri viðburðum á vegum Akureyrarbæjar s.s. Listasumri og Akureyrarvöku.
 - iii. Starfsemin skal stuðla að auknu menningarlæsi áheyrenda/áhorfenda á öllum aldri með því að kynna sem flesta anga skapandi greina og um leið ýta undir þátttöku þeirra svo lista- og menningarlíf á Akureyri megi dafna enn frekar.
- d) Starfsemi Listasafnsins á Akureyri.
- i. Hlutverk Listasafnsins á Akureyri er m.a. að standa fyrir sýningum á myndlist og hönnun af innlendum og erlendum uppruna og gefa gestum innsýn í fjölbreyttan heim myndlistar og annarra sjónlista. Jafnframt ber safninu að safna, varðveita, skrá og rannsaka listaverkasafn Akureyrarbæjar. Safninu ber að miðla upplýsingum um safnkostinn og hafa til sýnis á áhugaverðan og aðgengilegan hátt fyrir almenning. Safnmuni skal skrá eftir viðurkenndum aðferðum og varðveita og forverja eftir bestu getu. Safnið skal starfa eftir mótaðri söfnunar- og sýningarstefnu sem skal miða að því að varpa ljósi á og efla þekkingu, skilning og áhuga almennings á myndlist.
 - ii. Listasafnið miðlar þekkingu á sviði myndlistar og hönnunar. Safnið skal leitast við að höfða til og þjóna breiðum hópi safngesta og skal leitast við að hafa starfsemi sína aðgengilega öllum.
 - iii. Bæta varðveislu safneignar og sýna reglulega verk úr safneigninni.
 - iv. Efla safnfræðslu og safnakennslu fyrir börn og fullorðna.
 - v. Stuðla að því að Listasafnið á Akureyri sé áhugaverður áfangastaður.

1.3. Áherslur

- Akureyrarbær taki mið af menningarstefnu stjórnvalda og gildandi fjármálaáætlun hverju sinni.

2. Forsendur sammings, lagaheimildir og lagaskyldur

- 2.1. Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki fjármála- og efnahagsráðherra skv. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál.
- 2.2. Ráðuneytið gerir samning þennan á grundvelli heimildar í 40. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.
- 2.3. Ráðuneytið annast samskipti aðila vegna sammingsins við fjármála- og efnahagsráðuneyti, sbr. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál, og við Alþingi.
- 2.4. Framlag í samningi þessum fellur undir stefnu ráðherra á málefnasviði 18 menning, listir, íþróttir og æskulýðsmál, málaflokkur 18.3, menningarsjóðir sbr. 20. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.
- 2.5. Akureyrarbær skal hafa kynnt sér lög og reglugerðir sem gilda um verkefnið og skuldbindur sig til að starfa samkvæmt þeim. Vakin er sérstök athygli sammingshafa á eftirfarandi lagaákvæðum: leiklistarlög nr. 138/1998, myndlistarlög nr. 64/2012, lög um tímabundnar endurgreiðslur vegna hljóðritunar á tónlist nr. 110/2016, lög um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, nr. 46/2016 og lög um opinber fjármál nr. 123/2015.

3. Fjárhagsleg skuldbinding ráðuneytisins

- 3.1. Heildarskuldbinding samningsins er 690 m.kr. á samningstímanum og er árlegt framlag 230 m.kr.
- 3.2. Verði gerð breyting á fjárheimildum til málaflokks 18.3 menningarsjóðir í fjárlögum geta aðilar tekið upp viðræður um aðlögun rekstrarins að breyttri fjárveitingu.
- 3.3. Gerður er fyrirvari um að stjórnvöld kunna að ákveða aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárlaga og á Akureyrarbær ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum þótt framlag til samningsins verði lækkað eða fellt niður. Séu gerðar almennar aðhaldskröfur af hálfu ríkisins til málaflokks 18.3 er heimilt að gera sömu kröfur til aðhalds í rekstri verkefna sambærilegum og falla undir málefnaflokk 18.3 hjá Akureyrarbæ.
- 3.4. Fjárhagsleg ábyrgð ríkisins vegna rekstrarverkefnisins takmarkast við þær fjárhæðir sem eru í samningnum.
- 3.5. Árlegt framlag verður greitt í tólf jöfnum hlutum fyrsta dag hvers mánaðar. Greitt verður inn á bankareikning í viðskiptabanka Akureyrarbæjar enda uppfyllir samningshafi öll skilyrði og kröfur sem samningur þessi kveður á um.

4. Ábyrgð Akureyrarbæjar

- 4.1. Framlög Akureyrarbæjar til verkefna samningsins skulu í heildina ekki vera lægri fjárhæð en framlag ríkissjóðs á hverju ári.
- 4.2. Akureyrarbær rekur Listasafnið á Akureyri og gerir árlega fjárhags- og starfsáætlun fyrir safnið þar sem tilgreind eru markmið verkefna og hvaða mælikvarðar verði lagðir til grundvallar þegar árangur þeirra verður metin.
- 4.3. Akureyrarbær er heimilt að gera samning við sjálfseignarfélagið Menningarfélag Akureyrar ses. (MAK) um starfsemi Leikfélags Akureyrar og Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands.
- 4.4. Akureyrarbær skal tryggja að aðilar samkvæmt gr. 4.3. beri ábyrgð á skuldbindingum sem stofnað er til í tengslum við samning þennan.
- 4.5. Akureyrarbær er óheimilt að:
 - a) Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur skv. samningi þessum í hendur þriðja aðila.
 - b) Framselja, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, greiðslur til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

5. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála og verkefna

- 5.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 5.2. Fulltrúar ráðuneytisins og Akureyrarbæjar funda að lágmarki árlega um samninginn og framkvæmd hans.
- 5.3. Akureyrarbær skal skila ráðuneytinu fyrir lok hvers árs, ársáætlun um rekstur og starfsáætlun komandi árs, sbr. gr. 1.3. þar sem fram komi m.a. áætlun um ráðstöfun framlagsins og helstu markmið sem unnið verður að. Einnig skilar Akureyrarbær upplýsingum um ný verkefni eða breytingar sem kunna að verða á rekstrinum.
- 5.4. Akureyrarbær skal skila ráðuneytinu endurskoðuðum ársreikningi ársins á undan með skýringum fyrir lok júní ár hvert og skal afrit jafnframt sent Ríkisendurskoðun.
- 5.5. Fyrir lok janúar skilar Akureyrarbær ráðuneytinu greinargerð um framkvæmd samningsins þar sem fram komi m.a. staða verkefna og hvernig framlagi var ráðstafað miðað við áætlun.
- 5.6. Akureyrarbær skilar ráðuneytinu öllum þeim upplýsingum sem ráðuneytið kallar eftir, í tengslum við reksturinn til opinberrar upplýsingagjafar.

LSA


- 5.7. Akureyrarbær veitir ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálft eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Við eftirlit hefur ráðuneytið óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta.
- 5.8. Samning þennan, ársreikning, sbr. grein 5.4., og greinargerð um framkvæmd samnings, sbr. grein 5.5., skal birta á vef Akureyrarbæjar jafnóðum og gögn liggja fyrir. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.


6. Vanefndir og meðferð ágreinings

- 6.1. Akureyrarbær tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef það telur vafa leika á að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt greinir frá úrræðum sem það hyggst grípa til.
- 6.2. Ráðuneytinu er heimilt að fresta, draga úr eða stöðva og endurkrefja greiðslur uppfylli Akureyrarbær ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 6.3. Samningsaðilar skulu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 6.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

7. Gildistími og lok samnings


- 7.1. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2021 til 31. desember 2023.
- 7.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 7.3. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.
- 7.4. Samningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili eintaki auk þessa sem fjármála- og efnahagsráðuneyti heldur eintaki.

Akureyri, 12. maí 2021


Lilja D. Alfreðsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra


Ásthildur Sturludóttir
bæjarstjóri Akureyrarbæjar

Samþykki veitt, sbr. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2015.


Hanni Benediktsson
f.h. fjármála- og efnahagsráðherra